



Til bæjarráðs

Kópavogi, 3. desember 2024
2412165/999.00

Sjálfstæði skóla - Uppgjör og flutningur fjárheimilda grunnskóla milli ára, tillaga að tilraunaverkefni.

Lagt er til að samþykkt verði tilraunaverkefni í grunnskólum á fjárhagsárinu 2025, þar sem veitt verði heimild til þess að færa rekstrarlega afkomu milli fjárhagsára. Tilraunaverkefnið verði valkvætt fyrir grunnskóla fyrir árið 2025 og verði endurmetið í árslok 2025.

Fjárhagslegt uppgjör sýnir rekstrarlega afkomu hvers skóla gagnvart fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir að í uppgjöri hvers skóla sé tekið tillit til langtímaveikinda (umfram 4 vikur) og áhrifa kjarasamninga umfram launaáætlun. Aðrar leiðréttingar kunna að koma til vegna ófyrirséðra áhrifa utan valds skólastjóra.

Í samræmi við uppgjör hverju sinni getur jafnt jákvæður sem neikvæður mismunur verið færður milli ára samkvæmt neðangreindum skilyrðum:

- Að hámarki getur árlegur mismunur, sem færður er milli ára, numið 1% af fjárhagsáætlun viðkomandi skóla á viðkomandi fjárhagsári. Dæmi: Fjárhagsáætlun 1.000-1.500m.kr. => Mismunur að hámarki 10-15m.kr.
- Að hámarki getur uppsafnaður mismunur yfir nokkurra ára tímabil, numið 2,5% af fjárhagsáætlun viðkomandi skóla á viðkomandi fjárhagsári. Dæmi: Fjárhagsáætlun 1.000-1.500m.kr. => Uppsafnaður mismunur að hámarki 25-37,5m.kr.

Útreiknuð rekstrarniðurstaða, jákvæð og neikvæð, er færð inn á efnahagslykil. Uppsöfnuð staða er endurreiknuð við uppgjör hverju sinni.

Uppsafnaðan rekstrarafgang fyrri ára skal nýta til umbóta í skólastarfi. Heimild til flutnings fjármagns er háð því skilyrði að skólinn uppfylli lögboðna kennsluskyldu samkvæmt viðmiðunarstundaskrá sem og aðrar skyldur grunnskóla sem undir lög, reglugerðir og samþykktir bæjarins falla.

Virðingarfyllst,

Ásdís Kristjánsdóttir
Ásdís Kristjánsdóttir
bæjarstjóri

